

Reykjavík 5. apríl 2018

Hafnarfjarðarbær  
Fjölskylduráð

**Efni: Dagdvöl einstaklinga með heilabilun í Drafnarhúsi, Hafnarfirði**

Á stjórnarfundi Alzheimer Samtakanna þann 3. apríl sl., var tekið fyrir húsnæðismál dagdvalar samtakanna í Drafnarhúsi. Stjórnarmenn eru sammála um að besti kostur í stöðunni er að fá að halda þessum rekstri áfram í sömu húsakynnum og verið hefur fram að þessu. Það hefur sýnt sig að húsnæðið hentar vel, er hlýlegt og þægilegt í alla staði fyrir skjólstæðinga okkar. Það hefur jafnframt verið gríðarlegur styrkur og skipt sköpum fyrir reksturinn að fá húsnæðið til afnota fyrir okkar starfsemi endurgjaldslaut. Stjórnin væntir þess að áframhaldandi óbreytt fyrirkomulag verði á samstarfi okkar við Hafnarfjarðarbæ varðandi Drafnarhús.

Stjórnin vill ennfremur upplýsa Hafnarfjarðarbæ um að formlega hefur verið óskað eftir því við heilbrigðisráðherra að Alzheimersamtökin fái heimild fyrir 20 plássum í viðbót í dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun og er meiningin að opna nýja rekstareiningu ef þessi heimild fæst samþykkt. Hugmyndir stjórnar hafa verið á þá leið að stefna að opnun þessarar nýju einingar í Garðabæ þar sem veruleg þörf er fyrir hendi. Í dag eru 9 einstaklingar frá Garðabæ í 8 plássum í Drafnarhúsi og 23 í viðbót á biðlista. Biðlisti í Drafnarhús er samtals 54 einstaklingar.

Stjórnin metur það svo að ekki fáiist staðfesting frá ráðuneyti fyrr en í fyrsta lagi á haustmánuðum, eða þegar einhver mynd verður komin á fjárlagagerð fyrir árið 2019. Í umsókn samtakanna var jafnframt tekið fram að ef ekki næðust samningar við Garðabæ um opnun dagdvalar þá væri biðlistinn á höfuðborgarsvæðinu tæplega 200 manns þannig að samtökin myndu þá snúa sér til annarra sveitarfélaga á svæðinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Alzheimersamtakanna,

---

Árni Sverrisson, formaður